Hollráð hlaupahjólarans

Fyrir ferð

Áður en lagt er af stað er gott að hafa eftirfarandi í huga:

- Virka allar bremsur?
- Er slag í stýri?
- Er nóg loft í dekkjum? Ráðlagður loftþrýstingur er 45psi
- Eru einhverjar lausar skrúfur eða boltar?

Hleðsla

Til að hámarka líftíma rafhlöðunnar er ráðlagt að:

- Hlaða þegar rafhlaðan er við stofuhita
- Hlaða þegar hjólið er þurrt, þá sérstaklega hleðslutengi
- Stinga hleðslutækinu í samband við hjólið fyrst, svo í vegginn
- Taka hleðslutæki úr sambandi eftir að rafhlaðan er fullhlaðin
    - Það er þó í lagi að hafa hjólið í sambandi yfir nótt

Geymsla

Þegar hjólið er í geymslu skal:

- Hafa rafhlöðu í ca. 60-70% hleðslu
- Geyma á þurrum stað við stofuhita
- Taka hjólið fram á 1-2 mánaðar fresti, kveikja á því og kanna hleðslustöðu.

Einnig er gott að gefa því aðeins inn til að hreyfa mótor.